



Skagafirði, 10. nóvember 2021

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

Sent í Samráðsgátt

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu (mál nr. 184/2021).

Á 986. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, 20. október 2021, fól byggðarráð undirrituðum að senda inn umsögn við ofangreint mál. Umsögnin fer hér á eftir.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar því að ætlunin sé að setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu. Hins vegar eru þau drög að reglugerð sem lögð hafa verið fram til umsagnar í Samráðsgátt háð svo miklum annmörkum að ljóst þykir að endurskoða þarf drögin í heild sinni og leggja fram að nýju til umsagnar.

Meðal þess sem byggðarráð gerir athugasemd við á þessu stigi er að ekki er nægjanlega skýrt hvar ýmis kostnaður vegna framkvæmdar reglugerðarinnar fellur, t.a.m. vegna eftirlits, ráðgjafar, áætlana og framkvæmda sem ráðast þarf í, en ljóst þykir þó að sveitarfélögum landsins er ætlað nokkuð hlutverk í ákveðnum þáttum. Enn fremur kemur ekki fram hvort eitthvað fjármagn fylgi með reglugerðinni til stuðnings við framfylgni hennar.

Athygli vekur jafnframt að við framkvæmd reglugerðarinnar er gert ráð fyrir kortlagningu á vistgetu lands til að meta ástand þess. Hins vegar er ekki til staðar kortagrunnur sem nær yfir vistgetu lands og því torvelt að sjá hvaða áhrif reglugerðin hefur í raun á landnýtingu.

Hugtakanotkun. Ýmis hugtök eru notuð sem þarf að skýra frekar. Í orðskýringum nr. 4 er beitarland skilgreint sem graslendi. Í flestum tilfellum eru beitarlönd samsett úr graslendi, lítt grónu landi, ógrónu landi, jöklum, o.s.f.v.

Nýtingarland, (orðskýring nr. 12) er það svæði innan beitarlands sem getur verið nýtt til beitar á hverjum tíma. Þá er orðið ljóst að beitarland er ekki eingöngu graslendi eins og segir í orðskýringu nr. 4. Af þessu skapast hætta á misskilningi og býður upp á rangtúlkanir.

Nýtingarhlutfall/Nýtingarland. Er hlutfall svæða innan beitarlands sem geta verið nýtt á hverjum tíma. Lagt er til að þetta hlutfall verði í fyrsta áfanga árið 2021. 60%. Í öðrum áfanga árið 2027, skal hlutfall nýtingarlands af flatarmáli beitarlands vera orðið 70%. Í þriðja áfanga árið 2031 skal hlutfall nýtingarlands af flatarmáli beitarlands vera orðið 75%.

Ljóst er að þessu verður ekki náð í venjulegu fjallendi (t.d. á Tröllaskaga). Segja má að þetta hlutfall sé marklítið og óþarft ef tekið er með næsta hugtak sem er sjálfbærnistuðull.

Sjálfbærnistuðull er hlutfall þess lands innan nýtingarlands sem hefur sjálfbæra landnýtingu á hverjum tíma. Hlutfall þetta skal vera 50% árið 2021, árið 2027 skal sjálfbærnistuðull vera 70% og árið 2031 er gerð krafa um 85% sjálfbærnistuðul nýtingarlands.

Þessum markmiðum er sjálfsagt og eðlilegt að ná og ætti að vera vel mögulegt.



Nýting beitar. Hvað varðar beitarnýtingu þá eru fjölmörg atriði þar sem þarf að skýra betur, m.a. merking hugtaka sem notuð eru og þau vísindalegu gögn sem búa að baki ákveðnum viðmiðunum, t.d. hvað varðar hlutfall æðplöntuþekju og halla lands. Reglugerðin flokkar beitiland eftirfarandi:

II. Beitiland á leið í sjálfbæra nýtingu. (Landbótaáætlunar krafist)

Í þennan flokk fer beitiland í hnignuðu ástandi, nýting þess ekki sjálfbær en stefnt að sjálfbærni náist á næstu 20 árum. Visteiningar sem falla í þennan flokk er hægt að beita svo fremi að þær séu ekki meira en 30% af heildarflatarmáli nýtingarsvæðisins.

III. Beitarland í ósjálfbærri nýtingu (Landbótaáætlunar krafist)

Þetta er beitiland í hnignuðu ástandi og landbótaáætlun gerir ráð fyrir að lengri tíma en 20 ár taki að ná viðmiðum um sjálfbærni. Land í þessum flokki verður ekki nýtt til beitar.

Við þessa liði sem skilgreina beitiland vakna spurningar.

Hvernig er nýtingarsvæði skilgreint? Skilgreiningar á beitarlandi miðast við beitarlandaþekju GróLindar. Nýtingarland beitarlandsins er reiknað út með því að draga frá heildarflatarmálinu þau svæði innan beitarlandsins sem eru í góðu ástandi m.v. vistgetu sína (ekki hnignuð) en eiga ekki að teljast til beitar svæða. Þau svæði sem hér um ræðir eru eftirfarandi:

1. Brattar brekkur og klettur (>30° halli)
2. Vötn og árfarvegir
3. Land með undir 20% æðplöntuþekju (þ.e. mosavaxin hraun, áreyrar, jökulaurar, auðnir).

Ef marka má kort GróLindar er allt það land nýtingarsvæði, sem grasbitar geta mögulega komist á af sínu beitar svæði. Þar með taldir eyðisandar og hraun. Ef svo er, verður ómögulegt að fá t.d. Hofsafrétt og Eyvindarstaðaheiði til að standast þessa mælikvarða, sbr, kort GróLindar, þar sem flæmi eyðisanda eru talin u.þ.b. helmingur beitilandsins, sjá Flokkun lands.

Landbótaáætlun, sbr. lög nr. 155/2018 er: Tímasett aðgerðaáætlun um úrbætur á ástandi lands og í landnýtingu. Áætlun til landbóta skal unnin í samráði við eiganda eða rétthafa lands og í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn. Landgræðslan skal vera leiðbeinandi og flygja eftir að áætlun sé haldin. **Það sem ekki kemur skýrt fram er hver ber kostnað af gerð og framkvæmd landbótaáætlunar og eftirliti með framkvæmd hennar.**

Friðuð svæði vegna gæðastýringar. Á korti GróLindar eru merkt inn græn svæði, t.d. eyðisandar sunnan Hofsafréttar og Eyvindarstaðaheiðar, við þessi svæði segir: Svæði sem ekki eru ætluð til beitar vegna gæðastýrðar sauðfjárframleiðslu og það fé sem finnst á svæðinu er skorið eða haldið heima. Í gr. 10 er tekið fram að við gerð landbótaáætlunar skuli ákveðið hvað gert sé við fé sem finnst á friðuðum svæðum. Svo er að sjá á vef GróLindar að búið sé að ákveða það. Þessi svæði eru í dag ógirt frá öðru beitilandi og því óhjákvæmilegt að þangað komist fé.

Flokkun lands skv, vef GróLindar. Ástandi lands er skipt í flokka, 1. til 5. og eru flokkar 1. og 2. með það lítil landgæði og vistfræðilega virkni að það telst óhæft til beitar. Dæmi um hvernig afréttir í Sveitarfélaginu Skagafirði flokkast eru eftirfarandi:

Á Eyvindarstaðaheiði vesturluta eru 323,4 km² flokkaðir í 1. og 2. flokk, af 650,5 km², eða 49,7% beitilandsins, óhæft til beitar.

Á Hofsafrétt eru 397,3 km² flokkaðir í 1. og 2. flokk, af 586,8 km², eða um 67% beitilandsins, óhæft til beitar. Vegna landfræðilegrar legu verður þetta land ekki grætt upp, enda inngrip í þau vistkerfi ekki endilega æskileg. Því hlýtur að vakna spurning hvort þessar afréttir yrðu ekki lokaðar fyrir beit skv, þeim reglugerðardrögum sem hér eru til kynningar.

Á Kolbeinsdalsafrétt eru 31,3 km² flokkaðir í 1. og 2. flokk, af 98,4 km², eða 39,4% óhæft til beitar. Sem skv, reglugerðardrögum þessu ætti að kalla á landbótaáætlun o.s.f.v. Öllum sem til þekkja, þar með talið fulltrúum Landgræðslunnar, er kunnugt um að ástand Kolbeinsdalsafréttar er gott og nýting hennar sjálfbær, auk þess er gróðurfar að styrkjast vegna hlýnandi veðurfars síðustu ára.

Fæst afréttarlönd í Sveitarfélaginu Skagafirði mundu standast kvarða nýrrar reglugerðar, þó svo ástand þeirra sé gott, jöfn og góð framför þar í gróðurfari síðustu ár, auk þess sem búfé í þessum sumahögum hefur fækkað jafnt og þétt. Nýting þeirra er í samráði við fulltrúa Landgræðslunnar og beitarálag skráð og því stýrt. Markmiðum um sjálfbæra landnýtingu er fylgt, á öllum afréttum í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þær aðgerðir til landbóta sem krafist er í þeirri reglugerð sem hér um ræðir eru óraunhæfar, óþarfar og yrðu gríðarlega kostnaðarsamar. Fælu m.a í sér inngrip í ósnortna náttúru, s.s. girðingar og slóða, sem orkar tvímælis, svo ekki sé fastar að orði kveðið.



Áburðarnotkun og akuryrkja. Þá vekur athygli að reglugerðin skilgreinir tímabil þar sem bannað er að dreifa lífrænum áburði en torvelt er að sjá hvaða faglegu rök búa þar að baki sem og hvernig samspil þessa er við annað regluverk sem bændur þurfa að fylgja.

Viðmið vegna jarðræktar/akuryrkju, gr. 7. Gerð er krafa um lármarksbreidd, 5 til 10 m. fjarlægð frá vatni þegar tilbúnum áburði er dreift. Dreifing búfjáráburðar er óleyfileg 50 m. frá vatni (árvatni, lindum, stöðuvötnum, eða borholum). **Skýra þarf hvort þetta á við framræsluskurði sem veita vatni í læki og ár!!!**

Í 4 gr. viðauka 2 um sjálfbæra landnýtingu og akuryrkju segir: Takmörkun á umbreytingu milli mismunandi landnýtingar. Takmörkun á breytingu ákveðinna landgerða yfir í ræktað akurlendi. Viðhalda skal náttúrulegu óröskuðu votlendi eða endurheimta raskað votlendi. **Þýðir þetta að óheimilt er að rækta að nýju tún í mýrlendi þar sem framræslu er þörf, bannað að hreinsa upp úr eldri skurðum og fylla skuli upp í ákveðna skurði?**

Niðurlag. Að framansögðu er ljóst að þau reglugerðardrög sem fyrir liggja eru ekki unnin í samráði við sveitarfélögin eða samtök bænda.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar ítrekar að endurskoða þarf reglugerðardrögin og vinna upp að nýju í heild sinni og leggja fram til umsagnar í samráðsgátt.

Fyrir hönd Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar,

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri